

Þinggerð -drög
57. Frjálsíþróttapings



haldið 26. – 27. febrúar 2010
að Ásvöllum 2 - Hafnarfirði

57. Frjálsíþróttaping

26. – 27. febrúar 2010, Ásvöllum 2 - Hafnarfirði

Dagskrá

Föstudagur 26. febrúar

- 17:30 Setning
- 17:35 Kosning þingforseta og ritara
Kosning nefnda þingsins:
1. Kjörbréfanefnd
2. Fjárhagsnefnd
3. Laganefnd
4. Allsherjarnefnd
- 17:45 Skýrsla stjórnar – ávörp gesta
- 18:30 **Kvöldverður – Afhending heiðursviðurkenninga**
- 19:15 Skýrsla stjórnar, framhald. Reikningar fyrir árin 2008 og 2009 lagðir fram
Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
- 20:00 Fjárhagsáætlun stjórnar til næstu tveggja ára
- 20:15 Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum
- 20:30 Aðrar tillögur
- 21:00 Nefndarstörf

Laugardagur 27. febrúar

- 09:00 Framhald nefndarstarfa
- 10:30 Afgreiðsla mála
- 11:30 Umræður
- 12:00 **Hádegisverðarhlé**
- 13:00 Afgreiðsla mála (frh.)
- 14:00 Kosningar
Kosning formanns og annarra stjórnarmanna
Kosning 2 skoðunarmanna reikninga
Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ
- 14:30 Önnur mál.
- 15:00 Þingslit.

Þinggerð 57. Frjálsíþróttapings

haldið að Ásvöllum 2 í Hafnarfirði

föstudaginn 26. og laugardaginn 27. febrúar 2010

1. Þingsetning og skýrsla stjórnar

Ásdís Halla Bragadóttir formaður FRÍ bauð fundarmenn og gesti velkomna til þingsins. Hún fagnaði sérstaklega hinni miklu uppbyggingu íþróttamannvirkja sem hefur átt sér stað í Hafnarfirði, þá sérstaklega frjálsíþróttaaðstöðunni. Hún rakti það helsta sem bar á góma í starfi hreyfingarinnar á starfstímabilinu, bæði á íþróttasviðinu og öðrum. Hún ræddi sérstaklega áhrif bankahrunsins og hinn mikla kostna sem sérssambönd bera af Smáþjóðaleikunum. Eins gat hún þess að umfjöllun um frjálsíþróttir hefði verið aukist að hennar mati og RUV mun sýna frá IAAF Dementamótaseríunni. Þetta er mikil barátta, en með því að kaupa sýningarréttin og framselja hann til RUV. Ný heimasíða hefði verið tekin í notkun. Hún lagði áherslu á jákvæð viðbrögð hreyfingarinnar gagnvart blaðamönnum. Ný skref hefðu verið tekin í þróun frjálsíþróttar fyrir börn og unglinga. Einnig hefur Skólalæpriprautin náð vel eyrum og nýtur hreyfingin stuðnings annarra aðila. Eins nefndi hún að þörf væri á skilgreina frjálsíþróttir á sviði almenningsíþróttar. Þá eru góðir þjálfarar lykill að góðu íþróttastarfi og er hið nýja frjálsíþróttufræðsluferfi frá IAAF sem hefur verið vel tekið í íþróttahreyfingunni. Þetta kerfi er líka lykill að vikkun frjálsíþróttar út fyrir hið hefðbundna skilgreiningu íþróttarinnar. Eins er nauðsynlegt er að vinna að fræðslumálum innan hreyfingarinnar Að síðustu minntist hún að mikilvægi erlendra samskipta og sagði það iðulega vanmetin. Hún benti á í því sambandi að athygli hefði verið dregin að íslensku frjálsíþróttastarfi þegar Þórdísi Gísladóttur var veitt viðurkenning EAA fyrir framúrskarandi framlag í þágu frjálsíþróttar. Loks þakkaði hún nokkrum aðilum fyrir störfum fyrir mikil störf, m.a. Agli Eiddssyni og Ólafi Sveini Jóhannessyni rakti og þær mannbreytingar sem urðu á skrifstofunni og verkefnisstjórun. Hún færði einnig þakkir til UMFÍ og ÍSÍ fyrir frábært samstarf. Að því loknu sagði hún þingið sett.

2. Kosning embættismanna og starfsnefnda þingsins

Þingforseti var kosinn Kristinn Guðlaugsson og Magnús Jakobsson til vara. Þingritarar voru kosin Súsanna Helgadóttir og Jónas Egilsson.

- Kjörbrefanefnd. Guðlaug Baldvinsdóttir formaður, Stefán Guðmundsson, Ari Jósavínsson.
 - Fjárhagsnefnd: Benóný Jónsson, formaður.
 - Laganefnd: Ásbjörn Karlsson formaður, Sigurður Haraldsson og Ari Jósavínsson.
 - Allsherjanefnd: Freyr Ólafsson formaður, Lovísa Hreinsdóttir og Þórdís Gísladóttir.
- Aðrir þingfulltrúar tóku þátt í starfsnefndum að eigin ósk.

3. Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ færði hamingjuóskir til fráfarandi formanns. Hann óskaði Þórdísi Gísladóttur til hamingju með sína viðurkenningu, sem er viðurkenning alls frjálsíþróttastarfs á Íslandi. Talaði um gott samstarf ÍSÍ og FRÍ og nauðsyn þess. Góð samskipti eru lykill alls góðs. Uppbygging mannvirkja og efnahagshrunið. ÍSÍ lagði áherslu á barna- og unglíngastarf í kjölfar efnahagshrunsins. Við eigum að vera þakklát fyrir þá uppbyggingu sem er í gangi og það öflugra barna- og unglíngastarf sem er í gangi í þjóðfélaginu. Frjálsíþróttir er lykil íþróttgrein á Ólympíuleikum og það sé lágmark að Íslendingar eigi að lágmarki 2 þátttakendur á Ólympíuleikum framvegis. Gott starf unnið í félögunum og með frábærri aðstöðu ætti að nást góður árangur á mótum framtíðarinnar. Góðir þjálfarar mikilvægir, þurfa að kenna rétta hluti og að ná til barnanna. Sameining almennings- og afreksíþróttar er mikið sóknarfæri fyrir íþróttina og þannig þjónum við þjóðfélaginu betur. Standa þarf vörð um ferðakostnaðasjóð þar sem frjálsíþróttir er mikil landsbyggðaiþrótt. Ferðakostnaðasjóður var verulega skorinn niður eða um 33 millj. Að mati forseta er nauðsynlegt að standa vörð um hin ólympísku gildi. Hann gerði undirliggjandi deilum skil – gott að vera ósammála og á ársþingum er vettvangur til að viðra sín sjónarmið á lýðræðislegan hátt, en einnig ber að virða þá niðurstöðu sem fram næst á hverju þingi. Að lokum veitti Ólafur heiðurskross ÍSÍ til þeirra Magnúsar Jakobssonar og Haraldar Magnússonar. Hann þakkaði Ásdísi Höllu fyrir gott starf og samstarf.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir formaður UMFÍ. Hún hóf mál sitt á því að óska þeim Magnúsi og Haraldi til hamingju með viðurkenninguna. Færði kveðju frá stjórn og starfsfólki UMFÍ. Talaði um að saga UMFÍ og frjálsra íþróttar væri samofin, frjálsar eru hjartað í Landsmótum UMFÍ. Þakkaði Gunnari Sigurðssyni fyrir óeigingjarnt starf fyrir UMFÍ. Hún gerði Frjálsíþróttaskólanum gerð skil og sagði markmið með starfsemi hans að auka fjölda iðkenda og að nýta þá góðu aðstöðu um landið. Talaði um Kids Athletics og nauðsyn þess að finna gott íslenskt nafn í stað hins enska heitis og að framundan væru heimsóknir í skóla með þetta verkefni. Nauðsyn þess að hreifingarnar starfi saman í samvinnu við bæjarfélögin í þess efnahagsástandi.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar lýsti ánægju sinni á því að þingið færi nú fram í Hafnarfirði. Talaði um bæinn sem íþróttabæ og þá áherslu bæjaryfirvalda að aðstoðan væri til staðar og að baklandið væri mikilvægt. Gott og öflugt bakland í

Íþróttastarfi í bænum sbr. Haraldur Magnússon fyrir frjálsar Íþróttir í Hafnarfirði. Hann talaði um uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum og að í bænum væri gott og virkt samstarf um forgangsverkefni í uppbyggingu og forgangsroðun. Nú er röðin komin að frjálsum íþróttum og verið að að byggja frjálsíþróttahöll. Óskaði þinginu alls hins besta.

4. Afhending viðurkenninga

Formaður FRÍ færði eftirtöldum einstaklingum starfs- og heiðursviðurkenningar frá FRÍ:

- Starfsmerki FRÍ – Eir: Haraldur Bóasson HSP, Hallgrímur Arnalds Breiðablik, Friðrika Illugadóttir þjálfari og formaður HSP, Gísli Pálsson form. UFA, Guðrún Heiðarsdóttir Fjölni, Erla Gunnarsdóttir skokkhóps Fjölnis, Sonja Sif Jóhannsdóttir UFA og FRÍ.
- Starfsmerki FRÍ – Silfur: Ásbjörn Karlsson UMSS/FRÍ, Kristinn Guðlaugsson gjaldkeri frjálsíþróttadeildar FH, Einar Þór Einarsson þjálfari FH, Helgi Freyr Kristinsson FH.
- Starfsmerki FRÍ – Gull: Rósa Marínósdóttir UMBS, Guðmundur Víðir Gunnlaugsson formaður UFA, Guðrún Ingólfsdóttir ÚSÚ, Lúðvík Geirsson og Gunnar Svavarsson fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja frjálsra íþróttaráttanna í Hafnarfirði.
- Viðurkenning fyrir framlag kvenna sem hafa skarað framúr: Valgerður Auðunsdóttir HSK, Ragnheiður Ólafsdóttir FH.
- Heiðursfélagi FRÍ: Þorvaldur Jónasson KR og FRÍ.
- Besti árangur á MÍ 2009: Í kvennaflokki: Jóhanna Ingadóttir ÍR 6,17 1.024 stig í langstökki. Í karlaflokki: Bergur Ingi Pétursson FH 69,78 m í sleggjukasti og Óðinn Björn FH 18,03 m í kúluvarpi, jafnir með með 1.018 stig.
- Óvæntasta afrek 2009: Kristinn Torfason fyrir langstökk, 3 besta árangur frá upphafi í greininni.
- Mestu framfarir 2009 yngri en 20 ára: Örn Davíðsson fyrir spjótast og Norðurlandameistari.
- Besta afrek unglings yngri en 20 ára: Helga Margrét Þorsteinsdóttir Ármanni 5.524 stig í sjöþraut.
- Besta spretthlaupsafrek: Emma Ania FH, 200m hlaup, samt. 1.032 stig.
- Frjálsíþróttakarlar 2009: Bergur Ingi Pétursson FH.
- Frjálsíþróttakona 2009: Ásdís Hjálmsdóttir Ármanni.
- Frjálsíþróttamaður ársins 2009: Ásdís Hjálmsdóttir Ármanni.

Hlé var gert vegna kvöldverðar í boði heimamanna.

5. Skýrsla stjórnar og reikningar (framhald)

Gestur Guðjónsson gjaldkeri sambandsins fór yfir rekstrarreikning ársins 2008 og 2009, efnahagsreikning 2008 og 2009. Skýringar er að finna í skýrslunni. Reikningar eru lagðir fyrir þingið og gjaldkeri fór yfir stöðuna. Stefnt var að því að greiða niður skuldir, en í stað jókst tap um 2 mill. m.a. vegna tapi í peningasjóðum og þar sem Smáþjóðaleikar fóru 1,5 mill yfir áætlun. Einnig voru Ólympíuleikar dýrari en áætlað var. Fyrirspurn kom úr sal frá Gunnlaugi Júlíussyni varðandi gríðarleg vaxtagjöld á árinu 2008. Gjaldkeri svaraði að ástæðan væri sú að vaxtagjöld voru há hjá lánastofnunum, vegna yfirdráttar o.fl.

Kjörbréf

Guðlaug Baldvinssdóttir formaður kjörbréfanefndar las upp kjörbréf fyrir eftirtalda þingfulltrúa:

- UMSK (6/6): Stefán Guðmundsson, Arnór Jónsson, Hallgrímur Arnalds, Eiríkur Valsson, Hlynur C. Guðmundsson, Ólafur Ingi Óskarsson. Varamenn: Þórunn Erlingsdóttir, Magnús Jakobsson, Arnþór Sigurðsson, Þórður Arason.
- UMSE (4/6): Þorsteinn Marínósson, Þorgerður Guðmundsdóttir, Ari H. Jósavínsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir.
- UMSS (5/6): Friðrik Steinsson, Ásbjörn Karlsson, Davíð Harðarson, A. Herdís Sigurðardóttir, Gunnar Sigurðsson.
- IBR (12/12): Freyr Ólafsson, Gunnlaugur Júlíusson, Guðlaug Baldvinssdóttir, Óskar Hlynsson, Stefán Jóhannsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Helga Jensen, Bryndís Ernstsóttir, Heimir Þórisson, Kristín Þórsdóttir, Þorlákur Jónsson, Þórdís L. Gísladóttir. Varamenn: Ingvar Hlynsson, Steinþór Óskarsson, Ómar Grétar Ingvarsson, Hákon Óli Guðmundsson, Sigríður Klara Böðvardsdóttir, Björg Hákonardóttir, Erla Gunnarsdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Felix Sigurðsson, Gunnar Páll Jóakimsson, Bergros Arna Jóhannesdóttir.
- HSK(11/11): Benóný Jónsson, Steinunn Emelía Þorsteinsdóttir, Haraldur Einarsson, Ingvar Garðarsson, Ólafur Guðmundsson, Helgi Haraldsson, Markús Ívarsson, Gestur Guðjónsson, Sigríður Guðjónsdóttir, Ágústa Tryggvadóttir, Jón Ívarsson. Varamenn: Kári Jónsson, Ingibjörg Markúsdóttir, Ingvar Jónsson, Guðmundur Jónsson, Sigurður Einarsson, Ólafur Elí Magnússon, Halldóra Markúsdóttir, Valgerður Auðunsdóttir.
- IBA (1/6): María Aldís Sverrisdóttir.
- UMSB (1/3): Rósa Marínósdóttir.
- HSP (1/6): Sigurbjörn Árni Arngrímsson.
- ÚÍA (4/4): Stefán Bogi Sveinsson, Lovísa Hreinsdóttir, Gréta B. Ólafsdóttir, Ólafur Björnsson. Varamenn: Gunnar Gunnarsson, Andri Már Jónsson, Hafþór Þórarinnsson, Hrafnkatla Eiríksdóttir.
- IBH (9/14): Sigurður Haraldsson, Eggert Bogason, Kristinn Guðlaugsson, Helgi Freyr Kristinsson, Ragnheiður Ólafsdóttir, Súsanna Helgadóttir, Unnur Sigurðardóttir, Elísabet Ólafsdóttir, Haraldur S. Magnússon. Varamenn: Sigurður Pétur Sigumundsson, Trausti Sveinbjörnsson, Einar Þór Einarsson, Iðunn Agnarsdóttir, Októvía Gunnarsdóttir, Daði Rúnar Jónsson, Jónas H. Hallgrímsson, Gunnar Smith, Silja Úlfarsdóttir.

Alls voru 54 fulltrúar mætti frá 10 sambandsaðilum, en seturétt eiga 111 fulltrúar frá 21 sambandi.

6. Samþykkt reikninga og skýrslu

Reikningar fyrir árin 2008 og 2009, bornir upp til samþykktar ásamt starfsskýrslu og samþykkt samhljóða.

7. Fjárhagsáætlun/rekstraráætlun 2010-2011

Gestur Guðjónsson lagði fram og gerði grein fyrir þingskjali 1. Vísað til fjárhagsnefndar.

8. Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum

Jónas Egilsson bar upp eftirtaldar tillögur FRÍ: Frumvarp að nýjum lögum FRÍ, þingskjal 3, frumvarp til breytinga á reglugerðum FRÍ, þingskjal 4, frumvarp að fundarsköpun og vinnureglum stjórnar, þingskjal 5. Vísað til laganefndar.

Fríða Rún Þórðardóttir bar upp tillögur að reglugerðabreytingum frá ÍR, þingskjöl 6, 7, 8, 9,10. Vísað til laganefndar.

9. Aðrar tillögur

Jónas Egilsson lagði fram drög að mótaskrá 2010 FRÍ, þingskjal 2. Hann kynnti einnig ramma að úthlutun Meistaramóta Íslands 2011. Þingskjalinu vísað til allsherjanefnar. Hann lagði einnig fram eftirtaldar tillögur fyrir hönd FRÍ: Ályktun um nýtt fræðsluferfi fyrir þjálfara (CECS), þingskjal 11. Ályktun um afreksmerki, þingskjal 12. Ályktun um stofnun minningarsjóðs um Valbjörn J. Þorláksson í samvinnu við afkomendur hans, þingskjal 13. Ályktun um breytingu um endurskoðun á skipan aldursflokka barna og unglinga, þingskjal 14.

Fríða Rún Þórðardóttir fór lagð fram eftirfarandi tillögur frá ÍR: Ályktun um breytingu á skipan aldursflokka, þingskjal 15. Ályktun um aukna þátttöku FRÍ í Norðurlandasamstarfi, þingskjal 16. Ályktun um nefndir FRÍ, þingskjal 17. Ályktun um að kanna reglur um sameiginlega keppni karla og kvenna, þingskjal 18. Ályktun um starfsemi íþróttamannanefndar, þingskjal 19. Ályktun um úthlutunarfélög Meistaramóta Íslands í 5.000 m og 10.000 m hlaupum, þingskjal 20. Ályktun um Víðavangshlaup Íslands, þingskjal 21. Ályktun um þjálfarafélagið, þingskjal 22. Ályktun um endurskoðun á „róteringu“ móta FRÍ, þingskjal 23. Ályktun um menntun dómara, þingskjal 24.

10. Þingforseti óskaði heimildar þingsins til að leggja fram tillögur frá ÍR sem ekki höfðu borist sambandinu í tíma, skv. 7. gr. laga FRÍ og var það samþykkt samhljóða.
Tillaga til breytinga á reglugerð um Meistaramót Íslands, þingskjal 25, varðandi 3x1500 m var vísað til laganefndar.
Aðrar ályktunartillögur sem fengu þingskjalsnúmerin 26 og 27 var vísað til allsherjanefndar, Þingskjöldum 25 og 28 var einnig vísað til laganefndar.

Nefndarstörf og þingfundi frestað kl. 21 og nefndir tóku til starfa.

Laugardagur 27. febrúar. Fundi framhaldið kl. 10:35.

11. Álit Fjárhagsnefndar

Benóný Jónsson fór yfir breytingar á fjárhagsáætlun/rekstraráætlun 2010-2011.

Þingskjal 1. Fjárhagsáætlunin rædd og fyrirspurnir lagðar fram. Unnur Sigurðardóttir og Hlynur C. Guðmundsson spurðu út í áætlun vegna úthlutuna til landsliðs og Kids Athletics. Benóný þakkaði fyrirspurnir og vísaði þeim til framkvæmdastjóra. Jónas Egilsson starfandi framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurnunum. Jónas fór yfir samstarfsamning við ÍSÍ og benti á í framhaldinum að nauðsyn væri að afla meiri tekna m.a. til búningakaupa. Starf sambandsins er erfitt og öflun meiri tekna því nauðsynleg. Fjárhagsáætlun/rekstraráætlun borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

12. Álit allsherjanefndar

Freyr Ólafsson formaður nefndarinnar fór þær tillögur sem vísað hafði verið til nefndarinnar.

Þingskjöl nr. 2, 20 og 23 kynnt með viðauka. Freyr ræddi staðsetningu móta og framkvæmdaraðila móta sem eru framundan. Hann benti á að flokka mætti félög eftir getu og aðstöðu hvers félags til framkvæmda móta af ákveðinni stærðargráðu. Hann lagði til að mótanefnd að kannaði þetta. Freyr sagði mikið álag vera á Reykjavíkufélagunum yfir vetrarmánuðina vegna mótahalds í Laugardalshöllinni og því æskilegt að félög utan höfuðborgarinnar taki aukinn þátt í mótahaldi yfir sumarmánuðina. Allsherjanefnd samþykki að þessum þingskjöllum verði vísað til mótanefndar til frekari umræðu. Umræður um þingskjöl 20 og 23. Helgi Haraldsson, Gunnar Sigurðsson, Þorsteinn Marinósson tóku til máls og vöktu athygli á því að ekki vær tækt að á FRÍ þingi væri verið að hrófla við mótaskrá þess árs, frekar ætti að skipuleggja mót 2-3 ár fram í tímann. Einnig ræddu menn kosti og galla þess að mafa róteringu á mótum eða umsóknarferli. Þráinn Hafsteinsson tók til máls.... Þingskjal 2, Mótaskrá FRÍ var samþykkt með svohljóðandi viðbótum/breytingum:

**Meistaramót í 5.000 m og 10.000 m verði haldið á Unglingalandsmóti í sumar um Verslunarmannahelgina.*

**Mí öldunga verði haldið 6.-7. ágúst í Þorlákshöfn og framkvæmdaðili: HSK.*

**Vídvangshlaup Íslands verði haldið af Ármanni, 8. maí í Laugardal.*

Þingskjöl 2, 20 og 23, með viðaukum og breytingum, var vísað til stjórnar FRÍ. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 11. Lagt til í nefndáliti að það yrði samþykkt óbreytt. Umræður Helgi Haraldsson ræddi um fræðsluferfi og hvernig

framkvæma ætti þetta, hvernig mat á þjálfara er framkvæmanlegt. Jónas Egilsson svaraði til að erfitt væri að svara því til hversu margir starfandi þjálfarar eru í landinu. Þetta væri mikið og flókið ferli sem væri í startholunum sem tekur mörg ár að innleiða og koma til framkvæmda. FRÍ að hefja fyrstu 2 stigin í samvinnu við HR. HR sæi um fræðslu þjálfara og hefði aðgang að efninu. Nú eru 11 leiðbeinendur á fyrsta stigi að fá fræðslu. Hugmyndin er sú að allir þjálfara verði í framtíðinni í þessu kerfi. Til að svara fyrirspurn Helga þá er þetta kerfi í undirbúningi og einnig hvernig meta á einstaka þjálfara inn í kerfi. Skilgreining réttinda þjálfara eru að verða sí mikilvægari erlendis, t.d. þegar þjálfarar óska eftir að sækja námskeið. Þorsteinn Marinósson fagnaði þessu staðlaða alþjóðlega þjálfarakerfi/fræðslukerfi. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að námskeiðin væru haldin hérlendis. Hann beindi því einnig til stjórnar að mikilvægt væri að hafa allt námsefnið á íslensku. Hann spurðist einnig fyrir um endurmenntun þjálfara. Jónas svaraði því til að leitað hefði verið til námsgagnastofnunar um styrk til íslensku þýðingar námsefnisins og því var hafnað. E.t.v. væri ekki þörf á að þýða 1. stigið þar sem það væri mynd- og rafrænt. Spurning með önnur stig og það þyrfti að skoða. Varðandi endurmenntun þá eru þetta réttindanámskeið og eru IAAF reglulega með námskeið sem hugsuð eru til endurmenntunar og að þeir sem lokið hefðu þessum stigum hefðu þá forgang á þessi námskeið IAAF. Einnig væri hugsanlegt að fá leiðbeinendur til landsins til endurmenntunar. Þingskjal 11 samþykkt samhljóða.

Þingskiöl 12 og 13 borin upp saman. Nefndin leggur þau fram óbreytt til samþykktar. Engar umræður og þingskjal 12 lagði það til samþykktar og það samþykkt samhljóða. Engar umræður um þingskjal 13 var það samþykkt samhljóða.

Þingskiöl 14 og 15 borin upp saman. Nefndin leggur til að þingskjal 14 verði samþykkt en að þingskjal 15 verði fellt niður. Nefndin leggur til að sérstök nefnd verði skipuð til að endurskoða þessa breyttu aldursflokkskipun. Lagt til að Gísli Sigurðsson, Þráinn Hafsteinsson og Helgi Haraldsson verði skipaðir í nefndina. Allsherjarnefnd leggur til að mótaþing fái heimild til að samþykkja það sem skipuð nefnd ályktar svo að hægt verði að taka þetta til framkvæmdar sem allra fyrst. Tillagan tekin til afgreiðslu með þeim breytingum sem lagðar eru fram. Þingskjal 14 samþykkt samhljóða óbreytt.

Þingskjal 16. Nefndin leggur til að tillagan sé samþykkt óbreytt. Tillagan lögð til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 18. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með hliðsjón af 147. gr. keppnisreglna IAAF. Gunnar Sigurðsson óskaði eftir skýringum á 147. gr. og spurðist fyrir um hvernig þetta væri hugsað með börn 12 ára og yngri. Freyr svaraði því til að heimliklar umræður hefði farið fram varðandi börn og þar sem „krakkafriðsala“ væru að hefjast væri það ekki tímabært - Spurning hvar draga ætti línuna. Grein 147 höfðar aðeins til fullorðinna en ekki barna en alltaf væru til sérreglur. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingskjal 19. Nefndin leggur til að þetta verði samþykkt óbreytt. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 21. Nefndin leggur til að þetta verði samþykkt óbreytt. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingskjal 22. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Einnig leggur nefndin til að stofnuð verði þjálfaranefnd innan FRÍ sem hefur t.d. tillögurétt um hverjir eru valdið í landsliðsferðir og þjálfaratengd mál. Þráinn útskýrði tillögunina nánar og lagði til að hún væri samþykkt óbreytt og án viðauka tillögu nefndar. Hlynur C. Guðmundsson formaður þjálfarafélagsins mælti eindregið með þessari tillögu og samþykktar hennar. En lagði til að félagarformið væri kannski of þungt í vöfum og kannski væri auðveldara að þetta væri þjálfaranefnd. Tillagan lögð fram og samþykkt samhljóða. Einnig samþykkt að vísa breytingatillögu þingnefndarinnar til stjórnar til frekari umræðu.

Þingskjal 24. Nefndin leggur til breytingar þess efnis að sérstök nefnd verði skipuð af stjórn til þess að koma fram með tillögur til stjórnar um málið. Umræður: Benóný óskaði eftir skýringu á greinargerð sem fylgir tillögu. Bryndís Ernstsóttir svaraði f.h. flutningsaðila að e.t.v. væri um að ræða tiltekið tilvik í Íslandsmóti í maraþoni sumarið 2009. Fundarstjóri bætti við t.d. mælingar og annað og nauðsyn þess að FRÍ fari að löggilda það sem fram fer í víðvangs- og götuhlaupum. Jónas Egilsson bætti svo við upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar og hvað IAAF leggur til varðandi löggildingu mótahalds, t.d. ræsir, markmyndadómara o.fl. þ.h. Þorlákur Jónsson lagði áherslu um mikilvægi réttra mælinga í götuhlaupum. Friðrik Steinsson ræddi nauðsyn menntun dómara þannig að tryggt sé að gæði mótanna séu sem mest. Þorsteinn Marinósson ræddi að hugsanlega þyrfti að minnka umfang þessara dómaramámskeiða. gera þurfi greinarmun á dómara og almennum starfsmönnum móta. Tillagan samþykkt samhljóða með breytingatillögu þingnefndarinnar.

Þingskjal 26. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt og skorað á stjórn FRÍ að vísa tillögunni til áður skipaðar nefndar um endurskoðun aldursflokkskerfis. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 27. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hlé gert á fundi v/matarhlés.

13. Álit lagaefndar

Ásbjörn Karlsson gerði grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar og þakkaði góð störf þeirra sem þátt tóku í störfum nefndarinnar.

Þingskjal 3. Frumvarp um breytingu á lögum FRÍ. Ásbjörn rakti þær breytingar sem nefndin hafði gert á lögum sambandsins. Engar umræðum urðu og voru þær greinar sem breytingar hafa verið gerðar á lagðar til samþykkir þingsins, hver grein fyrir sig tekin til afgreiðslu. Allar greinar sem breytingar hafa verið gerðar á samþykktar samhljóða. Þá voru lögin í heild sinni lögð fram til samþykkis og þau samþykkt samhljóða.

Þingskjal 4. Frumvarp til breytinga á reglugerðum FRÍ. Breytingaár á greinum 1-4 ræddar. Þorsteinn Marinósson kom með dagskrárbreytingartillögu um að allar breytingar á reglugerðum yrðu lagðar fram í einu og ræddar og svo lagðar til samþykktar. Tillaga Þorsteins er samþykkt samhljóða. Ásbjörn tók því aftur til máls og las upp þær breytingar sem gerðar höfðu verið á reglugerðinni í heild sinni. Opnað fyrir umræður. Engar umræður. Fundarstjóri kom með þá tillögu að að bera upp þær breytingar allar upp í heild sinni og var það samþykkt samhljóða. Reglugerðarbreytingarnar voru þá lagðar fram til samþykkis og voru þær samþykktar samhljóða.

Þingskjal 5. Tillaga að nýrri reglugerð að þingsköpum og vinnureglum stjórnar. Ásbjörn fjallaði um breytingarnar á því skjali. Nefndin leggur til að þingskjalið verði samþykkt með þeim breytingum sem nefndin leggur til. Umræður: Gunnar Sigurðsson var með spurningu um grein 8.4., síðasta setning greinarinnar, og velti fyrir sér afhverju þessi breyting er tilkomin. Fundarstjóri svaraði því að gleymst hafi að taka þetta út úr greininni og að þetta væri villa í greininni. Fundarstjóri kom með tillögu um að bera up þær breytingar allar í heild sinni og var það samþykkt. Sú tillaga var samþykkt. Þá var breytingartillagan borin til samþykktar og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

Þingskjal 6. Ásbjörn fór yfir þessa reglugerð og þá breytingu sem lögð er til og nefndi að miklar umræður hafi farið fram í nefndinni varðandi málið. Tillagan er lögð fram eins og hún var samþykkt af meirihluta laganeftdar. Umræður: Haraldur Magnússon ræddi nokkur atriði úr sögu Bikarkeppni FRÍ og þá breytingartillögu sem nú er lögð fram. Haraldur mælti á móti tillögunni og var harðorður í garð flutningsmanna. Kristín Þórsdóttir nefndi það sem var fellt út úr upphaflegu tillögunni var til þess að gera keppnisreglur í Bikarkeppni FRÍ skýrar og lýsti andstöðu sinni á breytingu laganeftdar. Þráinn Hafsteinsson nefndi að 6 lið hefðu tekið þátt í fyrstu deild í sumar og 1 lið í annari deild. Þráinn er með með svohljóðandi breytingartillögu við þá tillögu sem liggur fyrir „*Frjálsíþróttaping, haldið í Hafnarfirði 26. og 27. febrúar 2010, samþykkir eftirfarandi breytingur á 10. gr. reglugerðar um Bikarkeppni FRÍ utanhúss: Tilkynni aðeins eitt lið þátttöku í 2. deild öðlast það sjálfkrafa keppnisrétt í 1. þad ár.*“ Að hans áliti þarf að ýta undir það sem flestir keppi í fyrstu deild og ef að aðeins eitt lið er skráð í annari deild þá eigi það lið að fá að keppa í fyrstu deild vanti þar lið. Þráinn sagði ÍR óska eftir því að tillagan verði lögð fram óbreytt og telji það til framdráttar íþróttarinnar að sem flest lið keppi í bikarkeppni. Haraldur tók aftur til máls. Þórarinn Stefánsson skýrði afstöðu ÚÍA til málsins, sagði að FRÍ hefði boðið félaginu keppni í 1. deild í fyrra sumar. Nefndi að það væri frekar íþróttinni til framdráttar að hafa fleiri en 1. deild og að sameining félaga væri ekki af hinu góða. Hann styður tillögu laganeftdar og þá útstrikun sem nefndin leggur til. Hann hefur ekkert á móti B-lið keppi en að hún keppi þá í annari deild. Hann kom því á framfæri að ÚÍA væri tilbúið að halda 2. deild í Bikarkeppni og bauð félögum til keppni. Freyr Ólafsson tók til máls og tók það fram að hann væri maður friðar og sátta. Bað fólk að vera ekki með dónaskap á þinginu. Hann spurði hvort B-lið eigi að vera í 1. deild eða á að auka veg 2. deildar. Fannst umræðan þörf um sameiginleg lið. Þorsteinn Marinósson bar upp hugmynd að breytingu. Honum fannst útstrikun ekki eiga rétt á sér. Lagði til að B-liði væri skylt að keppa í 2. deild sé hún til staðar. Ragnheiður Ólafsdóttir hóf umræðu á að taka undir orð þeirra sem stigið hafa í pontu. Talaði um að sýna ætti gestum þingsins virðingu og tala á faglegum nótum. Vildi hvetja þingfulltrúa að íhuga það að nefnd var starfandi fram á seint í gærkvöldi og aftur snemma í morgun, þar var vettvangur til að koma með þær breytingartillögur sem nú eru lagðar fram eftir að nefndarstörfum er lokið. Vildi ítreka að Bikarkeppni væri keppni á milli liða en ekki keppni liða innbyrðis. Vildi ítreka það að við værum öll hér til að hefja veg frjálsíþróttar að hann vænkist sem mest, þó að leiðirnar sem fólk velji sé misjafnt. Vildi taka undir það sem Þórarinn sagði um landsbyggðarliðinn og gerði landsbyggðina að umtalsefni sínu og þann kost að taka upp 2. deildina. Finnst B-lið í 1. deild ekki koma til greina þar sem keppnin missi svolítið marks ef svo væri. Ennfremur sagði hún að ef að B-lið yrði leyft þá verði því liði ekki leyfð keppni í 1. deild. Kristín Þórsdóttir lýsti ánægju sinni á því hveru margir tala um að upphæfja íþróttina. Hún féll frá þeirri tillögu sem hún kom með áðan og styður tillögu Þorsteins Marinóssonar. Þórdís Gísladóttir hvetjur þingið til að styðja tillögu Þorsteins Marinóssonar og hvetur landsbyggðina að senda lið í bikarkeppni. Friðrik Steinsson fjallaði um að sameiginlegt lið sé góð leið til að byggja um félög á landsbyggðinni og um leið liðsandann. Sú leið sé tímabundin lausn á meðan á meðan uppbyggingarstarfi stendur. Friðrik tók fram að tillaga Þorsteins væri góð málamiðlun og leggur til að þingið styðji tillögu Þorsteins. Guðlaug Baldursdóttir kom næst með umræðu um hvað ef að sameiginlegt lið er skráð í 2. deild og B-lið og það vantar lið í fyrstu deild. Hvort liðið á þá að fara upp? Unnur Sigurðardóttir óskaði eftir viðauka við tillögu Þorsteins þar sem hún óskaði eftir því að B-lið yrði stigalaust ef það keppti í fyrstu deild. Jónas tók til máls og lagði til að málsaðilar kæmust að sameiginlegu orðalagi. Kristín tók til máls og sagðist styðja tillögu Þorsteins. Tillaga Unnar um að B-lið verði stigalaus borin upp og samþykkt með meginþorra atkvæða. Tillagan borin upp þannig breytt og samþykkt með 20 atkvæðum gegn 19.

Þingskjal 7. Ásbjörn fór yfir breytingartillögu nefndarinnar á þeirri tillögu sem lögð var fram. Tillagan er lögð fram af meirihluta laganeftdar. Umræður: Þráinn tók fram að engin átök væru um Bikarkeppnina og að tillaga nefndar væri skýr og lagði til að

tillagan væri samþykkt. Kristín tók til máls og óskaði eftir því að bætt yrði inn orðunum „sl. 3 mánuði“ á undan „þrjá mánuði.“ Sigurður Haraldsson tók til máls og þátttöku Emmu Ania í bikarkeppni FRÍ að umtalsefni. Jónas tók til máls um orðalag fyrirbyggjandi tillögu og breytingartillögu. Eggert Bogason tók til máls og ræddi mál Emmu frekar. Friðrik Steinsson tók til máls og fannst þetta skrytinn umræða og fannst þurfa skýra reglugerð um þátttöku í Bikarkeppni. Hann vildi fá útlitun á alþjólegum reglum og hverjar þær eru. Kristín Þórsdóttir nefndi að þessi framkomna tillaga væri til að skýra þátttöku erlendra ríkisborgara og til að útiloka heilt lið erlendra ríkisborgara væri skráð til keppni. Haraldur Magnússon tók næst til máls og lýsti ánægju með sína fulltrúa. Ragnheiður Ólafsdóttir sagði að við lifðum í breyttu samfélagi þar sem ferðalög milli landa eru auðveld. Tilkoma EES hefði áhrif á ferðalög og búsetu íþróttamanna líka. Við verðum að vera opin fyrir síbreytilegum tímum. Þorsteinn Marinósson er sammála því sem FH-ingar hafa tekið til. Ekki hægt að loka á íþróttafólk sem keppir erlendis og eru erlendir ríkisborgarar. Hefur ekki trú á því að lið fari að flytja inn þátttakendur í massavís og ekki mætti útiloka neinn. Unnur tók dæmi um íslenskan íþróttamann sem hefðu keppt fyrir erlend félög. Eggert talaði um félagaskipti og þær reglugerðir sem þar liggja að baki. Breytingartillögur til umræðu. Sigurður Haraldsson kom með breytingartillögu og hljóðar því tillagan svo með breytingum Sigurðar: „*Erlendir ríkisborgarar hafa þátttökurétt í Bikarkeppni FRÍ, hafi þeir verið búsettir hér á landi í a.m.k. undanfarna 3 mánuði eða hafi lögheimili á landinu og tilkynnt til FRÍ með a.m.k. mánaðar fyrirvara með hvaða félagi þeir ætla að keppa. Fyrir liggja yfirlýsing frjálsíþróttasambands úr heimalandi viðkomandi, um að umræddur íþróttamaður hafi rétt til keppni í frjálsíþróttum í sínu landi og afrit af persónuskilríkjum sem sýna nafn, þjóðerni (þ.e. ríkisborgararétt), kyn og aldur.*“ Breytingartillaga Sigurðar var samþykkt samhljóða. Tillagan í Þingskjal 7 með á orðnum breytingum var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8. Ásbjörn fór yfir tillöguna með breytingu þingnefndar. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 9. Ásbjörn rakti og kynnti breytingar þingnefndar. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 10. Ásbjörn rakti og kynnti breytingar. Umræður: Fríða Rún óskaði eftir því að við reglugerðina í upphafi „*Undanskilin eru börn og unglingar*“ þar sem þetta er til viðbótar núverandi reglugerðar. Breytingartillaga Fríðu Rúnar borin upp til samþykktar og hún samþykkt samhljóða. Tillagan í heild sinni með breytingum samþykkt samhljóða.

Þingskjal 17. Tillagan samþykkt óbreytt í nefnd. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 25. Tillagan samþykkt óbreytt í nefnd. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 28. Tillagan afgreidd óbreytt í nefnd. Umræður: Jónas ræddi mætingu á þingið og benti á að alls hefðu 121 þingfulltrúi rétt til setu, en 54 væru mættir. Samþykkt með miklum meirihluta greiddra atkvæða.

Þingskjal 29. Ásbjörn rakti umræður í nefndinni og lagði til að breytingin tæki gildi 1. apríl 2010 þar sem búið er að senda út gögn fyrir MÍ 11-14 ára sem fram fer eftir nokkra daga. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 30. Umræður voru engar og tillagan samþykkt samhljóða.

16. Kosningar

Magnús Jakobsson formaður kjönefndar fór yfir tillögur nefndarinnar:

1. Formaður: Stefán Halldórsson. Samþykkt með lófataki.
2. Stjórnarmenn FRÍ: Benóný Jónsson, Hannes Strange, Sigurður Ingvarsson og Unnur Sigurðardóttir. Samþykkt með lófataki.
3. Varamenn FRÍ kjörnir í þessari röð: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Birgir Guðjónsson, Felix Sigurðsson, Katrín Sveinsdóttir, Haraldur Bóasson. Samþykkt með lófataki.
4. Formenn nefnda: Almenningshlaupanefnd: Sigurður Pétur Sigumundsson, Fræðslu- og útbreiðslunefnd: Jónas Egilsson, Laganeftnd: Ásbjörn Karlsson, Mannvirkjaneftnd: Sigurður Haraldsson, Mótaneftnd: Ólafur Guðmundsson, Ofurhlauparáð: Gunnlaugur Júlíusson, Skráningarneftnd: Felix Sigurðsson, Öldungaráð: Trausti Sveinbjörnsson. Samþykkt með lófataki. Formaður fjárhagsneftndar er gjaldkerfi FRÍ, formaður íþrótt- og afreksneftndar er skipaður af stjórn, formaður Orðunefndar er formaður FRÍ. Íþróttamannaneftnd verður kosin af keppendum á Meistaramóti Íslands í sumar.
5. Skoðunarmenn ársreikninga voru kjörnir Hallgrímur Arnalds og Kristinn Guðlaugsson. Samþykkt með lófataki.
6. Fulltrúar á ÍSÍ þing: Guðlaug Baldvinsdóttir, Sigurður Haraldsdóttir, Margrét Héðinsdóttir og Arnþór Sigurðsson eru kjörnir með lófataki. Lagt er til að stjórnin tilnefni varamenn.

17. Önnur mál

Birgir Guðjónsson nýkjörin formaður tæknineftndar byrjaði á því að lofa því að þetta sé hans síðasta embætti fyrir stjórn FRÍ. Tók til punkta frá síðasta þingi IAAF í Berlín sl. sumar. s.s. keppnisnúmer, ef tveim keppendum eru jafnir í fyrsta sæti, heiti á búningum.

Guðlaug Baldvinsdóttir ávarpaði þingið og sýndi plakat sem auglýsir skólaþrjúpraut og setja á upp í skólum. Skólaþrjúpraut fyrir 6. og 7. bekk og er eftir kjördæmum og fer fram grunnskólum landsins. Hvetur alla til að halda skólaþrjúprautinni á lofti. Úr hverjum landshluta verða tekin 16 bestu (4 úr hverjum flokk) Verðlaun fyrir fyrstu sæti einstaklinga. til stendur að styrkja skóla utan að landi til þátttöku (ferðastyrkur).



Gunnar Sigurðsson fyrrverandi varaformaður óskaði nýjum fulltrúum og formönnum nefnda til hamingju. Lýsti reynslu sinni í starfi FRÍ og hversu vel lukkað yfirstandandi þing hefði verið. Það væri gott að tekist væri á og ekki væri hollt ef að þingið væri alltaf sammála. Að lokum þakkaði Gunnar fyrir sig og þeirra ára sem hann hefði starfað innan FRÍ.

Stefán Guðmundsson tilkynnti að Kári Steinn hefði bætt íslandsmet innanhúss í 5.000 m sem er undir gildandi íslandsmeti utanhúss.

Freyr Ólafsson vakti athygli þingsins á því að engin nefnd væri starfandi innan FRI sem er ætlað að starfa fyrir börn. Til væri hinsvegar Unglinganefnd. Hann hvatti stjórn þing til að íhuga þetta. Fundarstjóri sagði að þær nefndi sem skipaðar hefðu verið væri aðeins beinagrind og ætti eftir að móta að fullu.

Unnur Sigurðardóttir þakkaði fyrir það traust sem henni hefði verið sýnt, hún talaði um það að það væri einhugur í nýkjörinni stjórn og stefnan væri að huga vel að íþróttamanninum. Hún þakkaði einnig starfsmönnum og þá sérstaklega Jónasi fyrir frábært inngrip hjá FRÍ.

Benóný þakkaði fyrir sitt traust og lofaði góðum störfum. Hann þakkaði FH-ingum og FRÍ fyrir gestrisni.

Fundarstjóri óskaði öllum til hamingju með sitt kjör. Þakkaði fyrir gott þing. Þakkaði sérstaklega Jónasi og Súsönnu fyrir frábær störf á þinginu. Þakkaði fyrir sig og kynnti til pontu nýkjörinn formann.

Stefán Halldórsson byrjaði á því að þakka fyrir sig og það traust sem honum hafði verið sýnt. Hann talaði um að hann væri komin heim og hlakkaði til starfsins. Hann rakti sýna sögu í starfi frjálsíþróttadeild ÍR og FRÍ. og sína eigin frjálsíþróttaiðkun. Hann talaði um það sem væri honum efst í huga og því sem hann hugðist vinna að. Hann saknaði umræðna um stöðu og sóknarfæri í frjálsum íþróttum á þinginu. Hann talaði um mikilvægi þess að leyfa öllum að keppa og að í frjálsum sæti enginn á bekknum (með vísun til boltaíþróttar). Lagði áherslu á barna- og unglingsstarf og mikilvægi þess að fjölga iðkendum – fleiri afreksmenn. Ná til almenningshlaupa og að skilgreina fjölda iðkenda almenningshlaupa þannig að fjöldi iðkenda frjálsra íþróttar þar með aukist. Með aukinni og betri aðstöðu er hægt að laða inn keppendur og þá erlend félög til æfingabúða. Talaði um fjárhaginn og að það hlyti að vera verkefni nýrrar stjórnar að auka auglýsingatekjur. Einnig að efla tengsl við landsbyggðina og starfið á landsbyggðinni. Hann stefnir á að ferðast um landsfjórðungana og ætla þá um leið að heilsa upp á félögin á þeim stöðum til að kynna sér starfsemi og málefni þessara félaga. Hann nefndi að hann ætlaði að leitast til þess að hafa þessa forgangsroðun í sínu starfi: 1. Einstaklingurinn, 2. íþróttin sjálf, 3. félagið (liðið). Þakkaði fyrir þingið og skipulagningu. Hann tók einnig fram að hann vildi í framtíðinni sjá fleiri keppendur og áhorfendur á frjálsíþróttamótum. Hann hlakkaði til að takast á við starfið og sleit þinginu með þeim orðum.

Fleira ekki gert og þingi slitið kl. 17:25.

Fundarritarar

Súsanna Helgadóttir.

Jónas Egilsson.